

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Reykhólts, Sólvangur og Bjarkarbraut.*
Í breytingunni felst að núverandi aðkoma að lóð nr. 21 við Sólvang og nr. 32 við Bjarkarbraut færist um 60 m til suðvesturs og verði sameiginleg í beinu framhaldi af Bjarkarbraut. Núverandi göngustígur lengist að sama skapi og eldri aðkoma frá norðri verður lögð niður. Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2013.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Iðu II.*
Deiliskipulagið nær til 11 ha svæðis þar sem markaðar eru 12 frístundalóðir. Auk frístundahúss verður heimilt að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús að hámarki 30 m² að stærð. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar er 0,03. Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2014.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 31. mars 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2014